

*Atvinnuvega- og
nýsköpunarráðuneyti*

Minnisblað

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd**
Sendandi: **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið**
Dagsetning: **08.03.2013**
Málsnúmer: **ANR12090519**
Bréfalykill: **4.1.4**

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur

Vísað er til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar um skýringar vegna breytinga sem lagðar eru til í b-lið 1. gr. og 2. gr. frumvarps til laga um til breytingar á lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur.

Hvað varðar b-lið 1. gr. frumvarpsins þá er um er að ræða innleiðingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2010/485/ESB um hæfi lögbærra yfirvalda í Ástralíu og Bandaríkjunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2011/30/ESB um jafngildi opinberra eftirlits-, gæðatryggingar-, rannsóknar- og viðurlagakerfa fyrir endurskoðendur og endurskoðunarfyirtækja í tilteknum þriðju löndum og umbreytingartímabil vegna endurskoðunarstarfsemi endurskoðenda og endurskoðunarfyirtækja í Evrópusambandinu sem eru frá tilteknum þriðju löndum.

Hvað ákvörðun 2010/485/ESB varðar þá er markmiðið með henni að greiða fyrir samvinnu lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna og lögbærra yfirvalda í Ástralíu og Bandaríkjunum hvað varðar eftirlit með endurskoðendum og endurskoðunarfyirtækjum en jafnframt að tryggja að réttindi hlutaðeigandi aðila sé gætt. **Sú breyting sem lögð er til í b-lið 1. gr. frumvarpsins hefur þau áhrif að endurskoðendaráði verður heimiluð samvinna við þau lögbæru yfirvöld í Ástralíu og Bandaríkjunum sem tilgreind eru í ákvörðuninni um afhendingu vinnuskjala við endurskoðun vegna eftirlits.**

Hvað ákvörðun 2011/30/ESB varðar þá hefur framkvæmdastjórnin metið að opinber eftirlitskerfi, gæðatryggingarkerfi og rannsóknar- og viðurlagakerfi aðildarríkjanna annars vegar og tiltekinn þriðju ríkja hins vegar, þ.e. Ástralíu, Kanada, Kína, Króatíu, Japan, Singapore, Suður-Afríku, Suður-Kóreu, Sviss og Bandaríkjunum, hvað varðar eftirlit með endurskoðendum og endurskoðunarfyirtækjum séu jafngild. **Sú breyting sem lögð er til í b-lið 1. gr. frumvarpsins hefur þau áhrif að endurskoðendaráð getur veitt endurskoðendum og endurskoðunarfyirtækjum frá framangreindum þriðju ríkjum undanþágu frá því að vera bundinn eftirliti gæðatryggingarkerfis hérlendis þar sem opinber eftirlitskerfi þessara ríkja hafa verið metin jafngild eftirlitskerfum aðildarríkjanna.** Ákvörðunin kveður einnig á um aðlögunartímabil hvað varðar skyldu aðildarríkjanna til skráningar og eftirlits með endurskoðendum og endurskoðunarfyirtækjum sem árita reikningsskil félaga sem skráð eru í tilteknum þriðju ríkjum og svæðum, þ.e. Abu Dhabi, Bermuda, Brasilíu, Cayman Islands, The Dubai International Financial Centre, Egyptalandi, Guernsey, Hong Kong, Indlandi, Indónesíu, Mön, Ísrael, Jersey, Malasíu, Míritíus, Nýja Sjálandi, Rússlandi, Taívan, Tælandi og Tyrklandi. Viðkomandi endurskoðendur og endurskoðunarfyirtækja skulu þó veita lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum nánar tilteknar upplýsingar. **Breytingin sem lögð er til í frumvarpinu heimilar endurskoðendaráði að veita undanþágu frá skilyrðum skráningar endurskoðenda og endurskoðunarfyirtækja framangreindra þriðju ríkja með því skilyrði að veittar séu nánar tilteknar upplýsingar.**

Í nágildandi 32. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur kemur fram að löggin séu sett til þess að taka

upp í innlendan rétt ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB um lögboðna endurskoðun. Með breytingunni sem lögð er til í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að verði b-liður 1. gr. frumvarpsins samþykktur verði einnig vísað til ákvarðana 2010/485/ESB og 2011/30/ESB í upptalningu í 32. gr. laganna.